

Skýrsla um vinnu v. fl. í skógræktarumdæmi, V, árið 1914

Á þessu ári hefur grisjun í Hallormsstaðaskógi farið fram á þessum stöðum: Endað við að grisja Mörkina. Grisjað svæði fyrir, norðan, Kerlingará. Einnig grisjað í, Hólabörðunum fyrir framan og ofan Gatamaskóg, og dálítið í, Partinum fyrir norðan Ormsstaði þá hefur og verið grisjað í Lambabólum fyrir norðan bæinn. Loks hefur grisjun farið fram í gamla ráftskóginum fyrir sunnan Gvendar-gjót og í, Flataskógi ofan til þar sem búið var að grisja fyrir nokkrum árum.

Safnað ca. 100 pd. af birkifræi. Skógræktarstj. send 80 pd. hitt geymist til að sá í græðireitnum á komandi vori. Frævöxtur mikill í skóginum í ár, miklu meiri enn s. l. ár. En reyniviðarfræ óx ekki hjer í skóginum.

Viðgerð á girðingunni um skógin var mikil á s.l. vori. Einkum í fjallshlíðinni ofan við skógin. Snjó leggur þar afar mikinn í flestum vetrum og slítur vírinn svo mjög að mikið verk er á hverju vori, er snjó leysir, að bæta hann. En staurar halda enn víðast, nema sjerstök áföll verði, svo sem snjóflóð eða aur-skriður, eins og komið hefur fyrir. Hafa þá birkistaurar úr skóginum verið settir í staðinn og reynst vel. Því má bæta við að girðingin ofan við skógin er upphaflega ekki lögð, sem skyldi og verður af þeirri ástæðu einátt fyrir miklum aföllum af snjóbunga og snjóflóðum. Hefði hún verið lögð neðar í fjallshlíðinni, hefði viðhald á girðingunni verið mun ljettara og ódýrara. Það má og telja niður farið að ekki er algerlega girt fyrir fjenad að summar lagi, þar sem klettar ofan við Bjargselsbotna veita ekki trygga vörn, svo fje kemst þar ofan í skógin. Að vísu gerir það ekki mikið tjón, enda skógurinn smalaður við og við.

Í græðireitnum hefur orðið góð framför á þessu ári. Íslenzkt birki í fræbeðum hefur vaxið vel og barfellir (Lerk) einnig í fræbeðum. Áðalvinna í græðireitnum hefur verið hreinsun illgresis frá hinum ungu fræplöntum. Dreyft var nokkru af furu, ribs og víðir. Sáð birkifræi ca. 20 pd., endurbættar skuggagrindur o. fl. Lengd vatnsleiðsla að græðireitnum og breytt pannig að nú er vatnshallinn nægilegur til að þrýsta vatninu með svo miklu aflí, að vökva má með slöngu og vatnsdreyfara. Lengd vatnsleiðslunnar er ca. 270 metrar. Seldir voru nýgræðingar á þessa leið: 107 stk. Reynir, 94

stk. Fjallfura, 70 stk. Rauðgreni, 31 stk. Ribs og 7 Rósir samt.  
309 plöntur. Auk þess var selt úr skóginum 389 birkiplöntur.

Sáð var einnig í græðireitnum 10 pd. af íslenzku reyniviðarfræi, en það kom ekki upp í sumar, vonandi spírar eitthvað af því á næsta vori. Það hafa hingað til verið margar útlendar plöntur í græðireitnum, en nú er stefnt að því að framleiða íslenzkar birkiplöntur upp af fræi, en láta útlendar tegundir víkja, af því þær geta ekki orðið og eiga ekki vera nema heimalningar í íslenzkri skógræktarstarfsemi, eftir þeirri reynslu, sem enn er fengin í því efni. Þó má þar undanskilja barrfellir, ciberiskt lævikjatrje, sem líklegan til að þróast hjer í stærri stíl.

Ferðir fór undirritaðar á árinu, sem hjer segir:

Til Möðrudals í öndverðum júní, í því skyni að leiðbeina búandanum þar, Stefáni Einarssyni við gróðursetningu á plöntum heima við bæinn. En svo fór óhappalega, að plönturnar voru ekki komnar þegar jeg var þar, vegna hins slæma tíðarfars á s.l. vori, höfðu þær ekki verið sendar eins snemma frá Vöglum og gert var ráð fyrir. Jeg verð því að láta sitja við að gefa leiðarvísir um, hvernig fara skyldi með nýgræðingana, er þeir komu. Þá gaf jeg einnig búandanum á Eiríksstöðum á Jökuldal til sögn um undirbúning Írjágarðs, sem hann hefur í hyggju að koma upp hjá sjer á næsta vori.

Þá fór jeg í ágúst ferð um Reyðarfjörð, Fáskúðsfjörð, Breiðdal og Skriðdalshrepp og auk þess ferð um Fljótsdals- og Vallahrepp. Á þessum ferðum leit jeg eftir grisjun og leiðbeindi bændum í því efni.

Mjer dylst ekki, að sumstaðar er lögum og reglugerð um skógarhögg ekki framfylgt á öllum tímum árs. Sjerstaklega mun það vera á vetrum þegar snjór liggar í jörð og ekki mætti höggva í kjörrunum, vegna þess að þá er ekki hægt að grisja smákjarr. Þó sá jeg hvergi mikil brugð að skemmdum á kjarri af berhöggi. Viða grisja menn of mikil, skilja of lítið eftir. En það getur valdið miklum spjöllum á smáskógi, sem er þroskalítill. Síður hætt við gereyðingu í blómlegu kjarri. Enda sá jeg hvergi stór svæði skemd á þann hátt og viða var grisjunin vel af hendi leyst. En það leynir sjer ekki að eftirlit er nauðsynlegt með skógarhöggini. Þegar almennungi er gefinn svo laus taumurinn, eins og með gildandi lögum, en ganga má að vísu, að bændur almennt fari að virða

skóginn meira enn verið hefur, fara að sjá að betur borgar sig að brenda hrís, en áburðinum þá er hætt við að stundum kunni að bresta þá samvirkusemi, er til þess þarf að höggva skóginn rjettilega, en misbjóða honum ekki.

Framfarir eru miklar á skóginum á Fljótsdalshéraði, én litlar til Fjarðanna og sumstaðar ekki sýnilegur vöxtur, sían jeg fór þar um 1911.

Hallormsstað 20. jan. 1915

Guttermur Pálsson.